

8. gr.

Pegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 880,00
Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupp-
hæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.
Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.
Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira
en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins
hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að
öðlast gildi 1. janúar 1987, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er
úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 188, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 19. desember 1986.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um störf undanþágunefndar framhaldsskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd framhaldsskóla til fjögurra ára í senn.
Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafé-
laga, einum fulltrúa tilnefndum af Háskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal
hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

2. gr.

Sæki enginn framhaldsskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar
auglýsingar getur skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar framhaldsskóla við
menntamálaráðuneytið til að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða,
þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

Skólastjóri getur einnig leitað til undanþágunefndar ef hvorki hann eða neinn
skólaneftarmaður mælir með umsókn framhaldsskólakennara og óskað eftir heimild
neftdarinnar til að lausráða annan starfsmann.

3. gr.

Undanþágunefnd metur umsóknir skv. 2. gr. og úrskurðar hvort heimila skuli að
lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa.

Nefndin skal kynna sér hvort skilyrðum um auglýsingu hefur verið fullnægt. Þegar nefndin metur starfshæfni umsækjanda skal hún taka tillit til kennsluferils, menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna.

Nefndin skal leita umsagna telji hún það nauðsynlegt vegna skorts á upplýsingum.

4. gr.

Úrskurðir undanþágunefndar skulu vera skriflegir.

Verði ágreiningur í nefndinni um heimild til lausráðningar skal leita úrskurðar menntamálaráðherra.

5. gr.

Nú fæst heimild frá undanþágunefnd til að lausráða starfsmann og skal hann þá ráðinn með sérstökum ráðningarsamningi til ákveðins tíma með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Slíkur starfsmaður má ekki bera starfsheitið framhaldsskólakennari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 48/1986 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og öðlast gildi hinn 1. janúar 1987.

Menntamálaráðuneytið, 15. desember 1986.

Sverrir Hermannsson.

Sólrún Jensdóttir.

REGLUGERÐ

um störf undanþágunefndar grunnskóla.

1. gr.

Menntamálaráðherra skipar undanþágunefnd grunnskóla til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum, einum fulltrúa tilnefndum af Bandalagi kennarafélaga, einum fulltrúa tilnefndum af Kennaraháskóla Íslands og einum fulltrúa án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt.

2. gr.

Sæki enginn grunnskólakennari um auglýst kennslustarf þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar getur skólastjóri sótt um heimild til undanþágunefndar grunnskóla við menntamálaráðuneytið til að lausráða tiltekinn starfsmann til kennslustarfa til bráðabirgða, þó aldrei lengur en til eins árs í senn.

Skólastjóri getur einnig leitað til undanþágunefndar ef hvorki hann, neinn skólanefndarmaður eða fræðslustjóri mælir með umsókn grunnskólakennara og óskað eftir heimild nefndarinnar til að lausráða annan starfsmann.

3. gr.

Undanþágunefnd metur umsóknir skv. 2. gr. og úrskurðar hvort heimila skuli að lausráða tiltekinn réttindalausán umsækjanda til kennslustarfa.

Nefndin skal kynna sér hvort skilyrðum um auglýsingu hefur verið fullnægt. Þegar nefndin metur starfshæfni umsækjanda skal hún taka tillit til kennsluferils, menntunar, starfsaldurs, starfsreynslu og umsagna.

Nefndin skal leita umsagna telji hún það nauðsynlegt vegna skorts á upplýsingum.